

## Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs 13. ágúst 2019.

Fundurinn var 2. fundur starfsársins og fundur nr. 2905 frá upphafi.

Á fundinn mættu 24 félagar sem gerir 79% mætingu. Enginn gestur var á fundinum.

Fundur var í umsjón stjórnar RK, haldinn í Café Catalínu klukkan 17:30.

Forseti Rótarýklúbbs Kópavogs Jón Sigurðsson setti fundinn. Hann sagði nokkur inngangsorð, fór með vísu og rak dagskrá fundarins. Ritari Guðbergur Rúnarsson las fundagerð frá síðasta fundi.

Ársreikningur fyrir starfsárið 2018-2019 var lagður fram. Guðmundur Lýðsson fór yfir reikninginn. Fram kom að tekjur námu 2.291.702 kr. Rekstrargjöld voru 1.480.896 kr. á móti 1.81.930 kr. frá fyrra starfsári. Helsti munurinn á gjöldum milli ára voru að styrkir féllu niður til Skáksfélags Breiðabliks og Rotary Foundation. Ársreikningur borinn upp til samþykktar og var samþykktur einróma.

Inga Hersteinsdóttir fór yfir rekstraráætlun starfsársins 2019 - 2020. Helstu breytingar eru að styrkir verða veittir til Skáksfélagsins Breiðablik, 200.000 kr. og til RI sjóði (Rotary Foundation) 187.000 kr. Aðrar breytingar á kostnaðarliðum milli ára verða minniháttar. Reiknað er með að tekjur verði rúmar tvær milljónir og rekstrarafgangur rúmar 94 þúsund krónur. Rekstraráætlun var samþykkt einróma.

Forseti fór yfir nefndarskipan og fundaáætlun sem var samþykkt.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 20. ágúst í umsjá Rótarýfræðslunefndar. Bergþór Halldórsson flytur 3ja mínútna erindi.

Ábendingar sem komu fram á fundinum:

Skoða vaxtamál inneigna á bankareikningum. Handbært fé nokkuð hátt. Búa til reglu um handbært eiginfé. Lækka gjöld á félögum – fjölga félögum. Ef félagamæting er yfir 70% í lengri tíma myndast tap. Handbært fé er að hluta til hagnaður af Rótarýpinginu, um 2,5 milljónir króna. Auka skemmtanagildi funda. Bera lífrænan áburð á skógarplöntur í skógræktarreit í Lækjarbotnum. Mynda ferðasjóð.

Eftirtalin tóku til máls:

Guðmundur Jens Þorvarðarson, Páll Jónsson, Ólafur Wernersson, Inga Hersteinsdóttir, Vilhjálmur Einarsson, Kristófer Þorleifsson, Friðbert Pálsson, Jón Emilsson, Ólafur Wernersson og Ásgeir G. Jóhannesson.

Farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi klukkan 19:00.